

Nefndasvið Alþingis
Atvinnuveganefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Höfn, 20. febrúar 2015

Efni: Athugasemdir við frumvarp til laga um náttúrupassa (heildarlög), 455. mál.

Með tölvupósti dags. 6. febrúar 2015 óskaði atvinnuveganefnd Alþingis eftir umsögn um eftirfarandi frumvarp til laga: Náttúrupassi (heildarlög), 455. mál. Með frumvarpinu fylgdi greinargerð þar sem farið var yfir ástæður frumvarpsins.

Samtök náttúrustofa gera eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið:

Gjaldtaka af ferðamönnum sem miðar að verndun náttúrunnar, hvort sem er með náttúrupassa eða eftir öðrum leiðum, skal ávallt taka mið af því að **auðlindin geti verið takmörkuð**. Náttúrupassi eða önnur gjaldtökuleið veiti því ekki endilega ótakmarkaðan aðgang að náttúrunni. Ekki er víst að uppbygging innviða sé ávallt lausnin þar sem mikil uppbygging getur rýrt náttúruverðmæti svæða og dregið úr gildi þeirra sem áfangastaðar.

Nauðsyn rannsókna við verndun ferðamannastaða.

Í frumvarpinu er áhersla lögð á „að afla tekna til að stuðla að verndun náttúru Íslands með nauðsynlegri uppbyggingu, viðhaldi og verndun ferðamannastaða.“ Mjög mikil áhersla er á uppbyggingu innviða í frumvarpinu en hvergi er minnst á rannsóknir og vöktun sem nauðsynlegar aðgerðir við verndun ferðamannastaða.

Þróun, skipulag og uppbygging ferðamannastaða í náttúru Íslands ætti að byggja á bestu fánlegum upplýsingum um áhrif ferðamanna og umferðar þeirra á náttúru svæðanna auk félagslegra og efnahagslegra áhrifa ferðamennsku og ferðaþjónustu.

Ekki er nóg að horfa eingöngu til sýnilegra neikvæðra áhrifa ferðamennsku á náttúru eins og gróðurskemmdir, átroðning á viðkvæmum jarðmyndunum og fleira, heldur er nauðsynlegt að fylgjast einnig með duldu áhrifum umferðar á lífríki og aðra þætti en þau áhrif geta orðið mjög alvarleg og langvarandi.

Hluti fjármagns sem aflað er með þessum hætti, ætti að fara í rannsóknir og skipulega vöktun á áhrifum ferðamanna á náttúru Íslands innan vinsælla ferðamannastaða. Samhliða þyrfti að koma upp samræmdum gagnagrunni sem heldur utan um slíka vöktun.

Gjaldtakan og ábyrgð.

Gjaldtaka með náttúrupassa er aðferð sem getur haft neikvæð áhrif á upplifun gesta þar sem þeir þurfa ávallt að bera passann á sér. Eftirlit getur orðið mjög flókið og viðamikið en til þess að náttúrupassinn skili inn því fjármagni sem reiknað er með, þarf eftirlitið að vera mjög virkt.

Ábyrgð gjaldtöku með náttúrupassa er sett á einstaklinga en ekki þau fyrirtæki sem eru að nýta ferðamannasvæðin, eins og þjóðgarða og önnur friðlýst svæði, í fjárhagslegum ávinningi. Til að stuðla að sjálfbærri ferðamennsku, í sátt við land og þjóð, ættu fyrirtækin að bera mun meiri ábyrgð. Fyrirtækin eru oft á tíðum að koma með mjög mikinn fjölda inn á þessi svæði, t.d. í stórum hópum, með tilheyrandi álagi á náttúru og takmarkaða innviði svæðanna.

Gjaldtaka með náttúrupassa má ekki koma í veg fyrir að einstök svæði eins og þjóðgarðarnir geti sett reglur um afnot fyrirtækja að **takmarkaðri auðlind svæðanna** með leyfum, afnotasamningum og gjaldtöku. Í þjóðgörðum Bandaríkjanna og Kanada er almenningi annars vegar seldur aðgangur að þjóðgörðum með t.d. aðgangspassa sem krafist er við hlið. Hinsvegar gilda þar mjög ákveðnar reglur um afnot ferðaþjónustufyrirtækja að svæðunum t.d. með úthlutun sérleyfa, afnotasamningum og gjaldi sem rennur til þjóðgarðanna. Því svipar til þess sem gert er á Nýja Sjálandi. Ávallt er horft til þess að um takmarkaða auðlind sé að ræða.

Virðingarfyllst, f.h. Samtaka náttúrustofa

A handwritten signature in blue ink, reading "Kristín Hermannsdóttir". The signature is written in a cursive, flowing style.

Kristín Hermannsdóttir